

Samþykkt Akureyrarkaupstaðar um verklagsreglur vegna nýtingar gangstétta- og göturýmis í göngugötu og Ráðhústorgi

1. gr. Tilgangur og almennar forsendur

Samþykkt þessi nær til gangstétta- og göturýma utan lóða í göngugötu og á Ráðhústorgi Akureyrar. Með samþykkt um tímabundna lokun göngugötunnar skapast meira svigrúm fyrir nýtingu miðbæjarrýmis þann tíma dags sem einungis gangandi og hjólandi umferð er heimiluð.

2. gr. Hvað er heimilt

Hægt er að fá leyfi til að setja upp borð og stóla fyrir viðskiptavinum, setja út vörur eða annað sem tengist þeim rekstri sem fyrir er í viðkomandi rekstrareiningu.

3. gr. Hvað er hægt að sækja um.

Rekstraraðilar á jarðhæð göngugötu og Ráðhústorgs sem vilja nýta sér þessi viðbótarrými skulu sækja um leyfi til skipulagsstjóra Akureyrarkaupstaðar. Í umsókn skal tilgreina stærð svæðis sem óskað er eftir að nýta og skila inn uppdrætti sem sýnir umbeðið svæði.

Þegar bílaumferð er á göngugötunni má nota svæðið í allt að 2 m frá umferðargötu, það svæði skal þá vera autt fyrir gangandi umferð.

Þegar lokað er fyrir umferð vélknúinna ökutækja má nota allt svæðið að umferðargötu, en þá skal umferðargatan vera auð fyrir gangandi umferð.

Skipulagsstjóri getur þó veitt leyfi fyrir annarri afmörkun.

Ekki má hindra aðkomu að tröppum eða bekkjum bæjarins. Við lokun seinni part dags skal fjarlægja alla muni af rýminu.

Athugið að samþykkt þessi nær ekki til skilta og auglýsinga. Við uppsetningu skilta skal notast við Samþykkt um skilti og auglýsingar í lögsögu Akureyrarkaupstaðar.

4. gr. Hvenær má nota gangstéttar- og göturými?

Viðbótarrýmið má nota á opnunartíma viðkomandi rekstrareiningar en þó aldrei milli kl. 23:00 á kvöldin og fram til kl. 8:00 á morgnana.

5. gr. Hvernig skal sækja um

Sótt skal um nýtingu viðbótarrýmis til skipulagsdeildar á tölvupóstfangið: skipulagsdeild@akureyri.is eða með bréfi til skipulagsdeildar, Geislagötu 9, 600 Akureyri þar sem tilgreint er hvernig skal nota rýmið ásamt uppdrætti sem sýnir umbeðið svæði.

Leyfi er veitt til 3 mánaða að hámarki í hvert sinn. Skipulagsstjóri sker úr um deilumál um afmörkun rýmis.